

Arctic Sea Farm hf.  
Sindragötu 10  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 21.12.2021  
UST202102-319/H.S.J.  
08.12.02

### **Efni: Frávik hjá Arctic Sea Farm, Dýrafirði og samþykkt úrbótaáætlunar**

Þann 7. desember sl. tilkynnti Arctic Sea Farm um frávik frá starfsleyfi sínu í Dýrafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Frávikið varðar:**

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Lífmassi í sjó skal vera undir 10.000 tonnum á hverjum tíma. Skv. tilkynningu frá rekstraraðila dags. 7. desember sl. er lífmassi í Dýrafirði kominn yfir 10 þúsund tonn.

**Samhliða tilkynningu um frávikið barst áætlun um úrbætur. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er áætlað, ef veður heimilar, að slátrun geti hafist aftur á fiski úr kvíum í Dýrafirði þegar slátrun verði lokið úr Tálknafirði, sbr. umfjöllun í eftirlitsskýrslu. Lífmassi í firðinum verði því skv. áætlun rekstraraðila kominn niður fyrir 10 þúsund tonn fyrir janúarlok. Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar eftir því að send verði inn uppfærð tímasett úrbótaáætlun verði rekstraraðila ljóst að framangreind tímaáætlun muni ekki standast. Einnig er staðfestingar óskað á því þegar lífmassi í firðinum er kominn niður fyrir 10 þúsund tonn, eða eigi síðar en 3. febrúar 2022.**

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur